



## **Stjórnarfundur Leiknar 29. október 2021**

**Staður:** Framvegis miðstöð símenntunar og TEAMS

**Mætt:** Helgi, Eyjólfur, Þór, Vigdís og Fjóla.

Farið yfir verkefni Leiknar

### **1. Tilgangur og sóknarfæri Leiknar.**

Samtals eru nú 21 aðili í Leikn. Stefnt verður að kynningum á Leikn í gegnum heimsóknir til nýrra aðila sem þrír aðilar í stjórn taka að sér í vetur (Þór, Eyjólfur og Kjartan). Stefnumótun fer fram í janúar þar sem áhersla verður á leiðir til að auka sýnileika samtakanna og megin áherslur.

### **2. Farið yfir könnun leiknar**

Samtals svöruðu 61 einstaklingur. Varðandi upplýsingar og fræðslumál telja flestir fjarfundi í rauntíma besta formið. Settir verða upp fjarfundi fyrir vorönn. Leikn þykir ekki nógu sýnileg og því verður hafist handa við kynningar eins og rými er fyrir og skoðaðar nýjar leiðir fyrir fræðsluerindi.

### **3. Önnur mál**

Endurskoða þarf Erasmus styrki vegna COVID í samráði við Rannís. Aðeins ein umsókn hafði borist. Helgi og Vigdís fara yfir málið.

Heimasíðan verður í umsjón Hegla og Fjólu.

Fundi slitið kl. 12:00. Næsti fundur verður haldinn 3. desember.

Fjóla María Lárusdóttir, ritari.